

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Ársreikningur

2025

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
kt. 591288-1219

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Ársreikningur

2025

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar og sundurliðanir	8-12

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Bolungarvík 13. maí 2026.

Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Jón Þorgeir Einarsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og laga um matvæli nr. 93/1995 og reglugerða settra samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglugerðum sem því er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á. Vinna skal að bættu heilbrigðiseftirliti, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

Starfsemin á árinu

Hagnaður (tap) Heilbrigðiseftirlitsins á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam.....	0
Eignir Heilbrigðiseftirlitsins í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu.....	21.410.120
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam.....	0
Fjöldi ársverka á árinu nam.....	2,6

Rekstur Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða var með sambærilegum hætti og fyrri ár og gert er ráð fyrir að reksturinn verði mjög sambærilegur á árinu 2026.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða staðfestir hér með ársreikning félagsins með undirritun

Bolungarvík, 13. maí 2026.

Í stjórn

Jónas Þór Birgisson formaður

Lilja Magúsdóttir

Einar Valur Kristjánsson

Jón Hörður Elíasson

Guðbjörg Þrastardóttir

Guðrún Ingibjörg Halldórsdóttir

Framkvæmdastjóri

Hlynur Reynisson

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	Áætlun 2025	2024
Framlag sveitarfélaga		24.775.354	29.207.073	22.998.941
Eftirlitsgjöld		40.150.276	38.280.592	38.337.443
Sértekjur		6.094.540	3.500.000	3.780.490
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	(57.841.848)	(60.432.127)	(52.411.913)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(4.200.284)	(2.946.793)	(4.251.418)
Annar rekstrarkostnaður		(7.655.020)	(7.608.745)	(7.226.246)
Afskriftir fastafjármuna	6	(1.464.276)	0	(1.464.276)
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(141.258)	0	(236.979)
Fjármunatekjur	5	184.448	0	333.874
Fjármagnsgjöld	5	(43.190)	0	(96.895)
		141.258	0	236.979
Afkoma ársins		0	0	0

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Bifreið	6	3.986.082	5.450.358
		<u>3.986.082</u>	<u>5.450.358</u>
Veltufjármunir			
Útistandandi kröfur		4.153.631	2.619.892
Aðrar skammtímakröfur		374.534	397.969
Handbært fé		12.895.873	8.933.231
		<u>17.424.038</u>	<u>11.951.092</u>
Eignir		<u>21.410.120</u>	<u>17.401.450</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		0	0
Eigið fé		<u>0</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		1.834.838	1.943.982
Skuldir við sveitarfélög		12.934.272	8.502.556
Aðrar skammtímaskuldir		6.641.010	6.954.912
		<u>21.410.120</u>	<u>17.401.450</u>
Skuldir		<u>21.410.120</u>	<u>17.401.450</u>
Eigið fé og skuldir		<u>21.410.120</u>	<u>17.401.450</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Rekstartap		(141.258)	(236.979)
Afskriftir		1.464.276	1.464.276
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		1.323.018	1.227.297
Aðrar rekstartengdar eignir, (hækkun)		(1.510.304)	(1.190.974)
Rekstartengdar skuldir, hækkun		4.008.670	1.973.871
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		3.821.384	2.010.194
Innborgaðir vextir og arður		184.448	333.874
Greiddir vextir		(43.190)	(96.895)
Handbært fé frá rekstri		3.962.642	2.247.173
Hækkun handbærs fjár		3.962.642	2.247.173
Handbært fé í upphafi árs		8.933.231	6.686.058
Handbært fé í lok árs		12.895.873	8.933.231

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og laga um matvæli nr. 93/1995 og reglugerða settra samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga og ákvæðum í sérstökum lögum eða reglugerðum sem því er eða kann að vera falið að annast framkvæmd á.

Vinna skal að bættu heilbrigðiseftirliti, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2025	2024
Laun	45.834.598	41.286.784
Dagpeningar	1.093.250	1.468.100
Lífeyrissjóður	6.057.853	5.375.865
Önnur launatengd gjöld	4.567.660	4.267.962
Annar starfsmannakostnaður	288.487	13.202
	<u>57.841.848</u>	<u>52.411.913</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	2,6	2,60

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2025	2024
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	184.448	333.874
	<u>184.448</u>	<u>333.874</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Dráttarvaxtagjöld	(2.613)	(23.445)
Önnur vaxtagjöld	(40.577)	(73.450)
	<u>(43.190)</u>	<u>(96.895)</u>
	<u>141.258</u>	<u>236.979</u>

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Bifreið	Samtals
Kostnaðarverð		
Staða 1.1.2024	8.134.864	8.134.864
Staða 1.1.2025	8.134.864	8.134.864
Staða 31.12.2025	8.134.864	8.134.864
Afskriftir		
Staða 1.1.2024	1.220.230	1.220.230
Afskrift ársins	1.464.276	1.464.276
Staða 1.1.2025	2.684.506	2.684.506
Afskrift ársins	1.464.276	1.464.276
Staða 31.12.2025	4.148.782	4.148.782
Bókfært verð		
Staða 1.1.2024	6.914.634	6.914.634
Staða 1.1.2025	5.450.358	5.450.358
Staða 31.12.2025	3.986.082	3.986.082

Ofangreind bifreið er af tegundinni Tesla Y árgerð 2023. Heilbrigðiseftirlitið á aðra bifreið, Skoda Octavia árgerð 2015 sem er ekki eignfærð í efnahagsreikningi.

7. Lífeyrisskuldbinding

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á áunnum lífeyrisséttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins námu áætlaðar skuldbindingar eftirlitsins 16,7 milljónum króna í árslok 2024 miðað við 2% ársvexti umfram breytingar launa. Lífeyrisskuldbindingin er ekki færð í ársreikning Heilbrigðiseftirlitsins en greiðsla á skuldbindingunni á hverjum tíma verðut mætt með framlögum aðildarsveitarfélaganna. Staðan á lífeyrisskuldbindingunni í lok árs 2025 liggur ekki fyrir.

8. Leigusamningar

Heilbrigðiseftirlitið hefur gert leigusamning um leigu á fasteign sem ekki eru færðar í efnahagsreikning. Samningsbundinn leigutími er til 1. febrúar 2032 og uppsegjanlegur á 12 mánuðum eftir það. Gjaldfærðar leigugreiðslur námu 1,1 milljón króna á árinu (2024: 1,1 milljón). Taflan hér að neðan sýnir greiningu á lágmarksleigugreiðslum samkvæmt samningum þar sem félagið eru leigutaki. Upphæðir eru ekki núvirtar.

	31.12.2025	31.12.2024
Innan árs	1.154.748	1.109.772
Eftir ár en innan 5 ára	4.618.992	4.439.088
5 ár og síðar	2.405.725	3.421.797
	8.179.465	8.970.657

Skýringar

9. Reikningskilaaðferðir

Skráning tekna

Tekjur af framlögum og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Handbært fé Heilbrigðiseftirlitsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárúttreyemis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

Sundurliðanir

Laun og annar starfsmannakostnaður

	2025	Aætlun 2025	2024
Vinnulaun	43.916.453	44.316.187	38.909.359
Nefndarlaun	1.351.529	2.059.885	1.292.573
Bifreiðastyrkir	54.144	846.000	49.068
Dagpeningar	1.093.250	2.286.000	1.468.100
Tryggingagjald	3.262.614	3.194.340	2.897.284
Lífeyrissjóður	6.057.853	5.983.358	5.375.865
Sjúkra- og orlofsheimilassjóður	1.305.046	1.560.114	1.370.678
Áunnið orlof, breyting	566.616	0	1.084.852
Endurgreitt úr starfsþróunarsjóði	(237.816)	0	(543.464)
Slysatryggingar starfsfólks	42.907	0	44.528
Námskeið og endurmenntun starfsmanna	268.816	148.657	409.300
Kaffikostnaður	160.436	37.586	53.770
	57.841.848	60.432.127	52.411.913

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	2025	Aætlun 2025	2024
Tölvukostnaður	874.602	0	403.641
Netþjónusta	443.238	1.171.002	468.270
Síma og netkostnaður	963.283	810.762	791.865
Pappír, prentun og ritföng	32.018	25.383	136.366
Bækur, blöð og áskrift	0	27.704	0
Endurskoðun og reikningsskil	1.679.263	911.942	1.569.831
Skrifstofubúnaður	101.580	0	0
Fundir og ráðstefnur	106.300	0	65.820
Ný vinnustöð á skrifstofu	0	0	815.625
	4.200.284	2.946.793	4.251.418

Annar rekstrarkostnaður

	2025	Aætlun 2025	2024
Húsaleiga	1.130.763	962.806	1.085.076
Viðhald húsnæðis	0	0	5.098
Hreinlætisvörur	0	0	2.480
Rekstur bifreiða	1.145.873	1.158.530	1.181.693
Áhöld og tæki	443.942	674.966	79.868
Auglýsingar	81.205	0	167.073
Ferðakostnaður	8.406	214.515	273.807
Rannsóknir	4.740.965	4.597.928	4.340.846
Þjónustu- og seðilgjöld	103.866	0	90.305
	7.655.020	7.608.745	7.226.246

Sundurliðanir

Viðskiptakröfur

	<u>31.12.2025</u>	<u>31.12.2024</u>
Innlendar viðskiptakröfur	4.153.631	2.619.892
	<u>4.153.631</u>	<u>2.619.892</u>

Aðrar skammtímakröfur

	<u>31.12.2025</u>	<u>31.12.2024</u>
Virðisaukaskattur	374.534	397.969
	<u>374.534</u>	<u>397.969</u>

Handbært fé

	<u>31.12.2025</u>	<u>31.12.2024</u>
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	12.895.873	8.933.231
	<u>12.895.873</u>	<u>8.933.231</u>

Viðskiptaskuldir

	<u>31.12.2025</u>	<u>31.12.2024</u>
Innlendar viðskiptaskuldir	1.834.838	1.943.982
	<u>1.834.838</u>	<u>1.943.982</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	<u>31.12.2025</u>	<u>31.12.2024</u>
Ógreidd laun og launatengd gjöld	6.641.010	6.954.912
	<u>6.641.010</u>	<u>6.954.912</u>